

Mosfellsbær, kt. 470269-5969, og Uglugata 40 ehf., kt. 440621-1120 gera með sér eftirfarandi.

**SAMKOMULAG**  
**um fjölgun íbúða að Uglugötu 40-46**

**1. gr.**

Samkomulag þetta nær til Uglugötu 40-46 í Mosfellsbæ. Mosfellsbær hefur auglýst tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Uglugötu 40-46 sem felst í því að 6 eininga, tveggja hæða raðhúsi við Uglugötu verði breytt í 8 eininga fjölbýli á tveimur hæðum. Fjölbýlið þrepast í landi með tveimur utan á liggjandi stigahúsum, Uglugata 40 og 42. Tvö bílastæði fylgja íbúð. Aðrir byggingarskilmálar eða byggingarmagn breytist ekki.

**2. gr.**

Mosfellsbær annast gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar í samræmi við kynnt gögn og samning þennan. Samhliða auknum byggingarrétti sem í breytingu á deiliskipulagi felst, sbr. fylgiskjal nr. 1, er samkomulag um að Uglugata 40 ehf. greiði Mosfellsbæ kr. 1.250.000.- fyrir hverja viðbótar íbúð, samtals 2.500.000.- kr. Greiða þarf einnig önnur þjónustugjöld skv. samþykktri gjaldskrá Mosfellsbæjar er varða breytingu á deiliskipulagi og afgreiðslu byggingarleyfis.

Aðilar eru sammála um að í samkomulagi þessu felist að Uglugata hafi greitt öll gatnagerðar- og byggingarréttargjöld fyrir lóðina að Uglugötu 40-46 (40-42) samkvæmt deiliskipulagstillögunni. Í því felst að búið er að greiða fyrir hámarksnýtingu byggingarmagns samkvæmt deiliskipulagstillögunni innan einstakra lóða.

**3. gr.**

Eftirfarandi fylgiskjöl eru hluti af samkomulagi þessu:

- Fylgiskjal nr. 1: Deiliskipulagstillagan, deiliskipulagsbreyting Uglugötu 40-46

*Samkomulag þetta er háð þeim fyrirvara að deiliskipulagstillagan verði samþykkt og öðlist gildi.*

*Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur*

*Til staðfestu framangreindu rita fyrirvarsmenn aðila nöfn sín undir í votta viðurvist.*

*Mosfellsbæ, \_\_\_\_ . janúar 2022*

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Uglugötu 40 ehf.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Vitundarvottar að fjárræði, rétttri  
dagsetningu og undirskriftum aðila:

\_\_\_\_\_

Nafn og kennitala

\_\_\_\_\_

Nafn og kennitala